

Minnisblað

Til:
Frá: Heiða Jack
Dags. 9. nóvember 2020
Mnr. 2019050058



ÍSAFJARÐARBÆR

Varðandi aðalskipulag á svæðinu fyrir Sólsetrið

Ú25 - Fjaran á Þingeyri. Hluti af stærra svæði.


Ákvæði: Varðveita skal fjörunar, en gera jafnframt ráð fyrir bættu aðgengi.

Ú26 - Tjaldsvæði á Þingeyri. Hluti af stærra svæði

Ákvæði: Gert ráð fyrir þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á. Auka má þjónustu, þar sem við á. Huga ber sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð við skipulag og framkvæmdir.

Þ30 - Víkingasvæðið á Þingeyri / 1,5 ha. Sögusvið Gísla sögu Súrssonar.

Ákvæði: Svigrúm til uppbyggingar safnasvæðis í anda víkingatímans. Gert ráð fyrir því að víkingaskip geti lagt út frá fjörunni. Áhersla á aukin umsvif safnsins eða starfsemi sem getur styrkt safnasvæðið, s.s. handleiðsla og fræðsla, veitingarekstur og ferðaþjónusta.



Svar skipulagsstofnunnar varðandi hvort breyta þurfi Aðalskipulagi eða ekki:

„Sæll Axel

Sveitarstjórn getur unnið og auglýst breytingar á gildandi aðalskipulagi svo lengi sem nýtt aðalskipulag hefur ekki tekið gildi, standi vilji sveitarfélagsins til þess að heimila þær framkvæmdir sem um ræðir. Það þarf þó að hafa í huga að ekki sé um grundvallarbreytingar að ræða sem betur á við að beina inn í sjálfa endurskoðunarvinnuna. Þá á ekki við að auglýsa breytingar á gildandi aðalskipulagi sem eru í ósamræmi við þá stefnu sem kynnt hefur verið í vinnsluferli eða auglýsingarferli tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi.

Hvað varðar „Sólsetrið“ þá kemur fram að í gögnum sem fylgdi fyrirspurn þinni, lýsing á fyrirhuguðu mannvirki. Hugsanlega getur verið um að ræða byggingu í allt 4 rýmum/byggingarhlutum sem m.a. eiga að innihalda sýningarsali og kallar fullbyggt á 1-2 starfsmenn. Eins og fram kemur í bréfi Pálmars Kristmundssonar var leitað álits hjá einum starfsmanna stofnunarinnar og hafði sá starfsmaður samráð við mig um samræmi fyrirhugaðra framkvæmda við aðalskipulag. Eins og ég skildi málið taldi ég að mannvirki tengt útivist á svæði sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota geta samræmst aðalskipulagi en benti á það þyrfti fyrst og fremst að leita afstöðu sveitarfélagsins þar að lútandi. **Eftir nánari skoðun á gögnum, tekur Skipulagsstofnun undir það mat skipulagsfulltrúa að umfang mannvirkisins og fyrirhuguð starfsemi (listasafn) séu þess eðlis að kalli á breytingu á aðalskipulagi.**

Hægt er að auglýsa breytingu á aðalskipulagi samhliða auglýsingu á deiliskipulagi.

Það er mat núverandi skipulagsfulltrúi til að sækja þurfi um leyfi til að breyta aðalskipulagi áður en auglýsing á nýju deiliskipulagi er hafin. Þá þarf að breyta landnotkun á svæðinu sem um ræðir úr „Opin svæði til sérstakra nota“ í „Svæði fyrir þjónustustofnanir.